

18. fundur stjórnar Fimleikasambands Íslands, haldinn þann 17. febrúar 2011, kl. 16.15, á skrifstofu FSÍ í Laugardal.

Mættir eru: Þorgerður Diðriksdóttir, formaður, Birna Björnsdóttir, varaformaður, Þóra Sigurðardóttir, gjaldkeri, Ragnheiður Thorlacius, ritari, og Hrund Þorgeirsdóttir, framkvæmdastjóri. Sólveig Jónsdóttir boðaði forföll.

Formaður setti fundinn.

Klukkan 16.15 mættu á fundinn Davíð Ingason, verkefnisstjóri, og Þorvarður Goði Valdimarsson og kynntu stjórn störf vinnuhóps um fjárölfun fyrir FSÍ. Hópurinn hefur rætt við fyrirtæki um fjárhagslegan stuðning við FSÍ. Hópurinn hefur sett fram nýja hugsun og nálgun í samskiptum fyrirtækis sem veitir fjárhagslegan stuðning og þess sem fær stuðninginn. Verkinu miðar vel. Rætt var um næstu skref og stjórn þakkaði þeim félögum fyrir gott starf og gaf þeim heimild til að vinna áfram að málinu. Davíð og Þorvarður viku af fundi kl. 17.25.

Á dagskrá eru eftirfarandi mál:

1. Fundargerðir.

Fundargerð 16. fundar frá 9. desember 2010 og 17. fundar frá 3. febrúar sl., samþykktar.

2. Fjárhagsáætlun FSÍ 2011.

Málið var á dagskrá 14. og 16. fundar stjórnar. Á 16. fundi stjórnar þann 9. desember sl. var formanni og framkvæmdastjóra falið að vinna áfram í málinu. Formaður greinir frá umræðum á fundum með tækninefndum karla og kvenna í áhaldafimleikum og tækninefnd í hóp fimleikum. Drög að rekstraruppgjöri 2010 var lagt fram. Rætt var sérstaklega um erlend landsliðsverkefni á árinu 2011 og þátttöku í erlendum verkefnum almennt. Framkvæmdastjóra falið að ganga frá endanlegri fjárhagsáætlun 2011.

Vegna vinnu við fjárhagsáætlun 2011 var ákveðið að styrkja keppendur á EM í Berlín um 70.000 krónur per keppenda. Einnig var ákveðið að styrkja undirbúning að stofnun landsliðs í hóp fimleikum vegna keppni á árinu 2012. Formanni og framkvæmdastjóra falið að ræða við nefnd um almenna fimleika um verkefni ársins 2011 fyrir næsta fund.

3. Mótahald í janúar og febrúar.

Stjórn FSÍ þakkar Stjórnunni, Gerplu og Fylki og öllum þeim sem komu að skipulagningu, undirbúningi og framkvæmd eftirtaldara fimleikamóta:

Þreppamóti, 5. þrep í áhaldafimleikum, sem haldið var í Stjórnunni 29. og 30. janúar sl.

Þreppamóti í áhaldafimleikum, sem haldið var í Gerplu 4. og 5. febrúar sl.

Þorramótinu í áhaldafimleikum, sem Fylkir sá um og haldið var 12. febrúar sl.

4. 14. Unglingalandsmót UMFÍ

Í bréf UMFÍ, dags. 20. janúar sl., til Fimleikasambands Íslands kemur fram að 14. Unglingalandsmót UMFÍ verður haldið á Egilsstöðum 29.-31. júlí nk. Á mótinu verður keppt í

fimleikum í fyrsta skipti. Fram kemur að UMFÍ kappkosti að eiga gott samstarf við sérsambönd vegna undirbúnings mótsins.

Stjórn FSÍ þakka fyrir bréfið og fagnar því að fimleikar verði keppnisgrein á Unglingalandsmóti og hlakkar til samstarfs við UMFÍ. Framkvæmdastjóra falið að kynna UMFÍ bókun þess.

5. Til kynningar.

- a. Bréf frá ÍSÍ. Tilkynnt er að framboð til framkvæmdastjórnar ÍSÍ þarf að berast kjörnefnd fyrir 18. mars nk.
- b. Tilkynning frá ÍSÍ um að framkvæmdastjórn hafi á fundi 3. febrúar sl. samþykkt tillögur fjármálaráðuneytisins um úthlutun ríkisstyrkja til sérsambanda ÍSÍ. Í hlut FSÍ koma 2.577.356 krónur.

Næsti fundur verður haldinn fimmtudaginn 3. mars, kl.16.15.

Fundi slitið kl.

Ragnheiður Thorlacius,
ritar fundargerð.